

Skólaráðsfundur 3

Mættir: Haraldur Axel, Ragnheiður Garðarsdóttir, Ingunn Rós, Margrét Eðvaldsdóttir, Arnar Stefánsson, Andri Sævar og Gunnar Þór.

Ritari: Bryndís Jóna

- Skóladagatal 2019 - 2020

- Haraldur útskýrir hvernig skóladagatalið fyrir næsta skólaár hefur verið sett upp og borið undir starfsmannahópin. Helst var að nefna hvernig skertur dagur, tveir starfsdagar og tveir vetrarfrisdagar raðast vegna starfsþróunarferðar starfsfólks í lok október og þrjú sérstakir uppbrotisdagar sem tileinkaðir eru einkunnarorðum skólans, háttvísi, hugviti og heilbrigði. Raðast þeir í byrjun nóvember, um miðjan febrúar og í lok apríl. Gunnar spyr í hverju starfsþróunin mun felast í ferð starfsfólksins til Toronto. Þangað verður sótt fræðsla um Uppbyggingarstefnuna og farið í skólaheimsóknir í skóla sem vinna í anda hennar. Skólaráð gerir engar athugasemdir við skóladagatal næsta skólaárs.

- Skólastjórastaðan í Heiðarskóla

- Haraldur segir frá því að hann mun hverfa til annarra starfa 29. mars en hann var ráðinn sem grunnskólafulltrúi Reykjanesbæjar. Skólastjórastaðan verður að öllum líkindum auglýst í næstu viku.

- Önnur mál

- Haraldur segir frá því að vinna við umbótaáætlun vegna ytra mats Heiðarskóla stendur nú yfir.
- Haraldur lýsir ánægju sinni með nýafstaðna þemadaga.
- Gunnar spyr hvort undirbúningur fyrir árshátíð sé hafinn. Undirbúningur er hafinn en vinnan fer nú á fullt, að loknum þemadögum. Ragnheiður spyr hvernig skipulag árshátíðardagsins verður m.t.t. tímasetninga árshátíða aldursstiganna. Það verður óbreytt.
- Ragnheiður spyr hvert hlutfall leiðbeinenda sé. Haraldur segir að þeir séu 5. Hún spyr jafnframt hvort útlit sé fyrir að starfsmannahópurinn haldist að mestu óbreyttur. Haraldur segir að samkvæmt starfsmannasamtölum, sem er að mestu lokið, líti út fyrir að breytingar verði ekki miklar.
- Fleira ekki rætt og fundi slitið.